

*Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti*

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **16.05.2012**
Málsnúmer: **EVR12030101**
Bréfalykill: **12.1**

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 - Viðbótartillögur

Efnahags- og viðskiptanefnd er nú með til umfjöllunar frumvarp til breytinga á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Ráðuneytinu hafa borist ábendingar frá Seðlabanka Íslands þar sem lagðar eru til frekari breytingar á lögum um gjaldeyrismál.

Í minnisblaði SÍ til ráðuneytisins segir:

"Seðlabanki Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi viðbótartillögum að breytingum á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992, með síðari breytingum:

1. Breyting á ákvæði 2. mgr. 13. gr. j:

Við orðalag 2. mgr. 13. gr. j bætist eftirfarandi:

„og vexti af lánasamningum þar sem erlendur aðili er lánveitandi og innlendur aðili lántaki.“

Orðið „og“ er fellt út á undan orðunum „áfallna vexti“.

Tilgangur breytingar:

Núgildandi ákvæði 1. mgr. 13. gr. j kveður á um að m.a. vextir séu undanþegnir ákveðnum takmörkunum laga um gjaldeyrismál. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um hvað sé átt við með vöxtum skv. 1. mgr. og af orðalagi 2. mgr. má skilja það svo að ákvæði 1. mgr. taki ekki til vaxta af lánasamningum sem innlendur aðili hefur tekið frá erlendum aðila. Við framkvæmd gjaldeyrishafta hefur innlendum aðilum ávallt verið heimilt að standa við skuldbindingar sínar skv. lánasamningum við erlenda aðila og hafa slíkar greiðslur farið fram á grundvelli samningsbundinna afborgana. Ljóst er þó að í allflestum tilvikum felur skuldbinding aðila skv. lánasamningi einnig í sér greiðslu vaxta og þykir rétt að taka af allan vafa um það að slíkar greiðslur séu heimilar.

2. Breyting á ákvæði 13. gr. c

Við ákvæði 13. gr. c bætist ný málsgrein:

„Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um undanþágur frá takmörkunum 1.- 3. mgr., sbr. 13. gr. o.“

Tilgangur breytingar:

Núverandi frumvarp til breytinga á lögum um gjaldeyrismál gerir ráð fyrir að Seðlabanki Íslands geti sett undanþágur frá takmörkunum 2. og 3. mgr 13. gr. b. Ljóst er að til þess að undanþágur samkvæmt slíkum reglum nái tilgangi sínum telur Seðlabankinn nauðsynlegt að honum sé jafnframt veitt heimild til reglusetningar sem kveður á um undanþágur frá takmörkunum við gjaldeyrisviðskiptum, sbr. 1.-3. mgr. 13. gr. c"

Ráðuneytið tekur undir að þessar breytingar séu til bóta og leggur því til við efnahags- og viðskiptanefnd að nefndin taki þær inn í frumvarpið í meðförum nefndarinnar. Mikilvægt er að texti laganna sé skýr og þá telur ráðuneytið einnig eðlilegt að í ljósi þess að verið er að leggja til að SÍ hafi heimild til að setja reglur um undanþágur varðandi fjármagnshreyfingar (13. gr. b) sé bankanum einnig heimilt að setja reglur um undanþágur varðandi gjaldeyrisviðskipti (13. br. c).